

Sp.

2. Tillaga til þingsályktunar

[2. mál]

um könnun á orsökum hins háa raforkuverðs til almennings á Íslandi.

Flm.: Eiður Guðnason, Kjartan Jóhannsson, Jóhanna Sigurðardóttir,
Karl St. Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd þriggja óháðra sérfræðinga til að kanna gaumgæfilega og skila sameinuðu Alþingi skýrslu um orsakir hins háa raforkuverðs til almennings hér á landi og tillögum til úrbóta.

Greinargerð.

Miklar umræður hafa að undanfögnu átt sér stað um hið háa raforkuverð til heimilisnota hér á landi. Í sjónvarpsfréttum fyrir skömmu komu fram athyglisverðar upplýsingar sem bentu til að raforkuverð til almennings hér á landi væri verulega hærra en í öðrum löndum þar sem skilyrði til raforkuframleiðslu eru hvergi nærri eins hagkvæm og fullyrt hefur verið að hér sé.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að nauðsyn beri til að skipa nefnd sérfræðinga til að kanna þessi mál gaumgæfilega, þannig að leitt verði í ljós hverjar séu hinar raunverulegu ástæður hins háa orkuverðs hér á landi. Það er vissulega mjög alvarlegt mál ef raforka framleidd með afli íslenskra fallvatna er nú ekki lengur samkeppnisfær við innflutta orku, svo sem olíu og gas. Þannig munu nú allmörg veitingahús í Reykjavík nota gas til eldunar í stað rafmagns, vegna þess að það er töluvert ódýrara. Þetta hlýtur að vera alvarlegt umhugsunarefni.

Nauðsynlegt er að fram komi skýrt og skilmerkilega hverjar ástæður eru til þess að íslensk raforka fer nú halloka fyrir erlendu, innfluttu gasi. Er orsakanna að leita í óhóflegri skattlagningu orkunnar? Er virkjunarkostnaður óeðlilega hár? Er yfirbygging orkufyrirtækjanna, Orkustofnunar, Landsvirkjunar og RARIK, of mikil? Er þar gætt aðhalds og hagsýni í rekstri? Er dreifingarkostnaður orkunnar óeðlilega hátt hlutfall þess verðs sem almenningur greiðir? Þessar eru meðal þeirra spurninga sem vakna þegar rætt er um hið háa raforkuverð.